

Vélsm.   
**Árna Jóns ehf.**  
Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**  
SNÆFELLSBÆ

264. tbl - 6. árg.

2. ágúst 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR  
- bakhjarl í byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

## Nýr Saxhamar í Rifshöfn



Nýtt rúmlega 200 rúmlesta skip, Saxhamar SH 50, kom í Rif síðastliðinn föstudag. Það er útgerðarfélagið Útnes ehf sem er að stækka við sig og endunýja skip, sem ennig bar nafnið Saxhamar og Útnes ehf. eignaðist nýsmiðað árið 1969. Fjöldi fólks tók á móti skipinu á bryggjunni í Rifi enda alltaf gleðidagur þegar ný skip koma til hafnar.

Nýi Saxhamar hét áður

Sjöfn EA 142 frá Grenivík og var gerður út af útgerðarfélaginu Hlaðir ehf. Skipið var byggt í Þýskalandi árið 1967, lengt og yfirbyggt árið 1987. Var það gert út á troll og net og lagði oftast nær upp í Snæfellsbæ á netavertíðum. Saxhamar SH-50 verður gerður út á net og einnig línu en í bátinn er búið að setja línubeitningavél. Aflaheimildir þær sem voru á Sjöfninni fylgdu ekki með í

kaupunum heldur urðu eftir hjá Frosta í Grenivík.

Gamli Saxhamar er nú til sölu en nýi báturinn er riflega helmingi stærra skip og er stærsta skipið í Rifshöfn

um þessar mundir og er eigendum skipsins óskað til hamingju með þetta glæsilega skip. Myndina tók Þorgeir Baldursson.

### Nýtt á sölu



Ólafsvík.

Brautarholt 4 efri hæð. Húsið er byggt úr holsteini 1957. Íbúðin sem er um 90 fm að gólfleti skiptist í andryi, teppalagðan stigagang, baðherbergi, eldhús, hol, stóra stofu og tvö rúmgóð herbergi. Á baði eru flisar og á eldhúsi, herbergjum, holi og stofu er gott parket. Þvottahús er í kjallara. Raflagnir, gluggar, og þak er nýlegt og tvær hliðar hússins eru klæddar. Íbúðin lítur mjög vel út innan. Húsið stendur á mjög góðum stað og úr íbúðinni er gott útsýni yfir bæinn. Á loft hússins er 25.1 fm bílskúr

Verð: 10,3 millj.

Sjá upplýsingar  
um eignir í Snæfellsbæ  
á [valholl.is](http://valholl.is) undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurarson, lögilltur fasteignasali,  
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

### Tekjublað Frjálsrar verslunar

*Fæst hjá okkur*

Verslunin Hrund  
Ólafsbraut 55  
Sími: 436 1165



# Hljómplatan KYLJUR er komin út

Verkið er söngleikur sem byggt á Bárðarsögu Snæfellsáss og var upphaflega flutt á Þjóðhátíð Snæfellinga að Búðum árið 1974. Sagan hefst í fjörunni rétt við Arnarstapa á Snæfellsnesi og endar á Grænlandi.

Á plötunni eru 11 lög þar af tvö sem eingöngu eru spiluð. Höfundar laga eru: Ingvi Þór Kormásson, Pálmi Almarsson, Alfreð Almarsson og Sigurður Höskuldsson. Textar eru allir eftir Kristín Kristjánsson frá Bárðarbúð á Hellnum.

Einvala lið tónleikafólks kemur að gerð plötunnar.

Söngvarar eru: Regína

Ósk, Heiða, Beggi í Sóldögg, Hreimur úr Landi og sonum og Friðrik Ómar.

Á trommur og slagverk spilar Gunnlaugur Briem, bassann plokkar Jóhann Ásmundsson, Guðmundur Pétursson sér um gítarleik og Þórir Úlfarsson spilar á orgel og píanó. Upptökum stjórnáði Addi800 og fóru þær fram í Danmörku og á Íslandi.

Lagið Draumar sem Heiða syngur er þegar farið að heyrast á ljósvakamiðlunum og hefur vakið mikla athygli.

Útgefandi er Pöpull ehf. og dreifing er í höndum Músik ehf.

## KÆLIVER EHF

Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906  
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310  
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

## Biskup á Jaðri



Sr. Karl Sigurbjörnsson biskup og Guðjón Bjarnason

Biskup Íslands, sr. Karl Sigurbjörnsson og frú, ásamt prófasti og sóknarprestum Snæfellsbæinga heimsóttu vistfólk og

starfsmenn Jaðars á dögnum. Að afloknum hádegisverði á Jaðri áttu gestirnir góða stund með íbúnum.

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Krían - fuglinn okkar

Nú er sá árstími kominn að ungar kríunnar eru farnir á stjá og vilja kanna vegi jafnt sem vegleysur. Við skorum á vegfarendur að hægja á ferðinni þegar þeir aka í gegnum kríuvarpið við Rif þann tíma sem fuglinn er þar á ferð. Ferðamenn þekkja ekki þessar tímabundnu aðstæður og gott væri að benda þeim á þær þegar tækifæri gefst. Það er oft

dapurlegt að aka þennan stutta spotta í fallegu umhverfinu og sjá hræin liggja í vegkantinum. Þetta finlega hörkutól sem krían er, flýgur fugla lengst til okkar og er tákn Snæfellsbæjar.

Með sumarkveðju,

starfsmenn Þjóðgarðsins.

## Bíll til sölu



Þessi glæsilegi bíll er til sölu.

Nánari upplýsingar í næsta blaði.

## Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu inni í portu gamla frystihússins

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvoði 8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.

Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613



# 2000 km. markið

Göngugarpurinn Jón Eggert Guðmundsson sem gengur umhverfis landið til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands kom til Ólafsvíkur um klukkan 11 á þriðjudagsmorgun. Náði hann þar með þeim áfanga að vera búinn að ganga 2000 km. eftir strandvegum landsins. Þegar Jón gekk í gegnum Ólafsvík, Rif og Hellissands fylgdi honum nokkur hópur fólks í mjög góðu gönguveðri.

Jón hóf gönguna í júní 2005 og gekk þá frá Hafnarfirði til Egilsstaða og í maí síðastliðnum hóf hann gönguna að nýju og mun ljúka hringnum í sumar.

Gangan er til styrktar Krabbameinsfélaginu. Hægt er að leggja frjálts framlög inn á sérstakan söfnunarreikning 301-26-102005, kt.



Jón og aðstoðarmaður hans fengu fylgd þessara kvenna í gegnum Ólafsvík

700169-2789, eða hringja í söfnunarsíma 907 5050 og verða þá eitt þúsund krónur innheimtar með næsta síma-reikningi.



Jón við Þjóðgarðsmörkin

## Skemmtiferð fyrir Jökul



Hulda og Guðrún á veröndinni á Hellnum

Vistmenn Jaðars fóru í skemmtiferð í kringum Jökul og snæddu dýrindis hádegisverð hjá Guðrúnu Bergmann

á Hótel Hellnum. Ferðin var hin skemmtilegasta enda einmuna veðurlíða þennan dag.



**Fiskiðjan Bylgja hf**

Sími: 436 1291 · [www.bylgja.is](http://www.bylgja.is) · Netf. [bylgja@bylgja.is](mailto:bylgja@bylgja.is)

## ENDURVINNSLAN !!

Að gefnu tilefni er bent á að afgreiðsla Endurvinnslunar í Ólafsvík er aðeins opin á mánudögum kl. 9 - 16

**RAGNAR & ÁSGEIR EHF.**

STYKKISHÓLMI - GRUNDAFIRÐI - SNÆFELLSBÆ



# Biskupsheimsókn

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, vísitæði Ólafsvíkursöfnuð sl. laugardag. Með honum í för var kona hans, frú Kristín Guðjónsdóttir, prófastur Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmis sr. Gunnar Eiríkur Hauksson og kona hans frú Birgitta Bragadóttir. Dagskráin hófst kl. 10.00 árdegis á fundi biskups og sóknarprests á prestssetrinu. Um hádegis var haldið á Dvalarheimilið Jaðar. Þar hófst heimsóknin á helgistund þar sem biskup flutti hugvekjju. Eftir það snæddu gestirnir hádegisverð með heimilis- og starfsfólki á Jaðri.

Frá Jaðri lá leiðin upp í Ólafsvíkurkirkju þar sem kirkjan var skoðuð og í framhaldi af því fundaði biskup með sóknarnefnd og sóknarpresti fram að messu sem hófst kl. 16.00. Í messunni þjónuðu sóknarprestur og prófastur fyrir altari en biskup prédikaði og færði einnig öllum viðstöddum börnum eftirmynd af hinum svokallaða „ufsakross“ að gjöf. Að öðru leyti lögðu margir hönd á plóg í messunni. Auður Böðvardsdóttir var meðhjálpari, Nanna Þórðardóttir var organisti, Kirkjukór Ólafsvíkur leiddi sálmasöng, Veronica Osterhammer kórstjóri söng einsöng og fulltrúar æskunnar þau Ólafur Illugason og Hilma Jónsdóttir lásu ritningarlestra. Eftir messuna var boðið upp á kaffiveitingar í safnaðarheimilinu



Meðfylgjandi mynd tók Pétur Jóhannsson í lok kirkjuskoðunar í Ólafsvíkurkirkju. Má þar líta biskupshjón, prófastshjón, sóknarprest, meðhjálpara og sóknarnefnd.

sem sóknarnefndin hafði veg og vanda að.

Að messukaffi loknu skoðaði biskup kapelluna, líkhúsið og líkbílinn sem og kirkjugarðinn, minnismerkið og minningarreitinn sem við hann standa. Eftir þessa skoðun var haldið á Hótel Ólafsvík þar sem biskupshjón, prófastshjón, prestshjón, meðhjálparahjón og sóknarnefnd ásamt mökum snæddu kvöldverð í boði sóknarnefndar.

Eftir kvöldverð var haldið inn á Brimilsvelli og gengið þar til kirkju og haldin helgistund. Þar flutti biskup hugvekjju og í beinu framhaldi fór fram kirkjuskoðun. Eftir kirkjuskoðun var gengið til bæjar og þegnar kaffiveitingar í boði Brimilsvallahjóna Gunnars Tryggvasonar og Veronicu Osterhammer.

Allir þeir sem að þessari

heimsókn komu, bæði gestir og gestgjafar, voru samþála um að hún hefði gengið vel. Undirritaður vill þakka öllum, sem lögðu sitt lóð á vogarskálarnar til þess

að svo mætti verða, kærlega fyrir þeirra framlag með bæn um Guðs blessun í bráð og lengd.

Sóknarprestur

## Snæfellsbær

### Baðverðir/starfsmenn Íþróttamannvirkja Snæfellsbæjar

Snæfellsbær auglýsir lausar til umsóknar störf baðvarða/starfsmanna  
íþróttamannvirkja Snæfellsbæjar.

1. Tvær fullar stöður með Sundlaug Ólafsvíkur sem aðalstarfsstöð.
2. Tvær 66% stöður með Sundlaug Ólafsvíkur sem aðalstarfsstöð.
3. Tvær fullar stöður með Íþróttahúsin í Ólafsvík og á Hellissandi sem aðalstarfsstöðvar.
4. Tvær 75% stöður með Íþróttahúsin í Ólafsvík og á Hellissandi sem aðalstarfsstöðvar.

Unnið verður eftir vaktavinnufyrirkomulagi og eftir nýjum starfslýsingum.

Umsóknarfrestur er til 27. ágúst næstkomandi – gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. október 2006

Allar nánari upplýsingar veitir bæjarritari í síma 433-6900

**Þín verslun**

Nýtt kjóttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346  
meil. kassinn@thinverslun.is